

# Umsókn um afdrátt félagsgjalda af launum

Fyrir hönd neðangreinds félags, sem skráð hefur verið í fyrirtækjaskrá, sækjum við undirritað stjórnarfolk um að Fjársýslan dragi félagsgjöld af launum starfsfólks stofnunarinnar sem skráð hefur sig í félagið og undirritað heimild um að sækja megi félagsgjöldin í laun viðkomandi.

Við höfum kynnt okkur neðangreindar reglum um afdrátt félagsgjalda af launum starfsfólks fyrir starfsmannafélög ríkisstofnana/ráðuneyta.

## Félag

Heiti félags	
Kennitala	Reikningsnúmer

## Ríkisstofnun/ráðuneyti

Heiti ríkisstofnunar/ráðuneytis	Fjárlaganúmer
---------------------------------	---------------

## Undirskrift

Dagsetning	Formaður
Dagsetning	Gjaldkeri
Netfang gjaldkera	Sími gjaldkera



## Reglur um afdrátt félagsgjalda starfsmannafélaga ríkisstofnana/ráðuneyta af launum starfsfólks

Starfsmannafélögum ríkisstofnana/ráðuneyta er gefinn kostur á því að sækja um til Fjársýslunnar að gjöld til félaganna verði dregin af launum félagsmanna og skilað í bankareikning viðkomandi félags.

Í þessu sambandi er vakin athygli á því að án sérstakrar heimildar viðkomandi starfsmanns er einungis hægt að halda eftir af launum gjöldum sem tilgreind eru í lögum og/eða kjarasamningum.

Eftirfarandi reglum verður að hlíta:

1. Stjórn félagsins þarf að sækja sérstaklega um afdrátt félagsgjalda til Fjársýslunnar.
2. Félagið þarf að hafa heiti, kennitölu og innlánsreikning. Póstfang félagsins verði hið sama og viðkomandi stofnunar. Ríkisskattstjóri annast skráningu félaga í fyrirtækjaskrá. Sjá nánar á [skatturinn.is](http://skatturinn.is)
3. Sérhver félagsmaður þarf að undirrita heimild um að draga megi félagsgjöld af launum hans. Félagstjórnin heldur heimildunum til haga og framvísar þeim ef um er beðið.
4. Krefjist starfsmaður endurgreiðslu félagsgjalds, annast félagið afgreiðslu málsins.
5. Félagsgjald er einungis dregið af launum í reglubundnum útborgunum mánaðarlauna.
6. Fjársýslan getur hætt afdrætti félagsgjalda fyrirvaralaust, tímabundið eða endanlega.
7. Afdráttur félagsgjalda er föst forsenda í launakerfinu. Í upphafi er hægt að send inn félagsmannaskrá til innlestrar eða viðkomandi launafulltrúi les inn eða skráir í ORRA. Eftir það þarf viðkomandi launafulltrúi að sjá um að bæta við nýjum starfsfólki og taka út þá sem hætta.

Skrána ber að senda Fjársýslunni á [laun@fjs.is](mailto:laun@fjs.is) fyrir 18. þess mánaðar sem frádráttur hefst í. Skráin á að vera Excelskrá með textasniði. Í hverja línu skal skrá eftirfarandi:

*Dálkur*

- A Kennitala félagsmans
- B Starfsnúmer í Oracle
- C Heiti launategundar
- D Upphæð

Vakin er athygli á nauðsyn þess að halda félagsmannatali í réttu horfi og að skrár sem sendar eru Fjársýslunni séu villulausar.



**Mannauðstorg ríkisins**